

# Árþing HSP haldið á Þórshöfn laugardaginn 2. maí kl.10:00

- Þingsetning.** Arnór Benónýsson formaður HSP biður fólk velkomið og setti þingið.
- Skipun starfsmanna:** Skipaðir voru eftirfarandi:

Þingforsetar: Hlynur Snæbjörnsson  
Halldóra Gunnarsdóttir

Ritarar: Svandís Sverrisdóttir  
Auður Jónsdóttir

Skipun Kjörbréfanefndar: Soffía Björgvinsdóttir  
Haraldur Bóasson  
Lárus Björnsson

**Skýrsla formanns/stjórnar:** Formaður kvaðst ekki vera með neina formlega skýrslu, en fór engu að síður vítt og breitt yfir starfsemi ársins. Ósk formanns var sú að þetta þing yrði málfundur, þar sem rædd yrðu málefni nýs sambands. Koma vinnunni meir út í félögin og að stjórn HSP yrði hatturinn yfir starfseminum. Hann taldi að erfitt yrði að sækja styrki nú út til samfélagsins.

## Skýrsla stjórnar

(útdráttur úr munnlegri skýrslu formans á árþinginu.)

Góðir félagar velkomnir til þings.

Það verður að segja hverja sögu eins og hún er og síðast liðið starfsár var frekar rólegt hvað starf stjórnarinnar snerti. Þannig voru haldnir tveir stjórnarfundir á árinu og utan þeirra töluðust menn við í síma ef nauðsyn bar til.

Anna Gerður Guðmundsdóttir lét af starfi framkvæmdastjóra í júníbyrjun og tók stjórn þá ákvörðun að ráða ekki í hennar stað heldur myndi formaður leysa þau mál sem snertu daglegan rekstur. Önnu Gerði eru hér með þökkun störf hennar fyrir HSP á undanegnum árum bæði sem starfsmaður og stjórnarmaður.

Skrifstofa sambandsins var flutt frá Laugum til Húsavíkur á árinu og er nú til húsa í íþróttahöllinni þar. Í nóvember náðist samkomulag við Völsung um að HSP keypti afnot af starfsmanni félagsins og síðan þá hefur Sveinn Aðalsteinsson verið starfsmaður sambandsins og Völsungs og hefur það komið öllum aðilum vel að geta komið málum fyrir með þessum hætti.

Aksturssjóður HSP tók til starfa á árinu og skipa stjórn hans þær Sif Jóhannesdóttir formaður Jóhanna Kristjánsdóttir og Vilborg Stefánsdóttir. Unnu þær stöllur frábært starf við að móta úthlutunarreglur sjóðsins og starfshætti alla. Starf sjóðsins og þeir fjármunir sem í gegnum hann koma til æskulýðsstarfs í héraði skipta afar miklu máli fyrir börn og foreldra þeirra og því afar mikilvægt að efla þetta starf svo sem kostur er. Þakka ber samfélagsjóði Alcoa, fjárlaganefnd alþingis og sveitarfélögum í héraði fyrir skilning og myndarlegan

stuðning við verkefnið. HSP hlaut hvatningarverðlaun UMFÍ fyrir þetta verkefni fyrst og fremst á sambandsráðsafundi ungmennafélagsins síðastliðið haust.

Þetta fyrsta heila starfsár Héraðssambands Þingeyinga var á ýmsan hátt erfitt og það þarf svo sem engum að koma á óvart svona skipulagsbreytingar taka auðvita í. En það er sannfæring mín eftir sem áður að sameinig UNP og HSP í eitt samband hafi verið heillaspor sem hafi þegar skilað árangri og eigi eftir að skila honum meirum.

Hitt er svo annað mál að fjárhagur sambandsins var erfiður á árinu og kom þar kannski helst til skipulagsbreytingar sem gerðar voru á rekstri Héraðsnefndar Þingeyinga en hún hafði haft milligöngu um að skila framlagi sveitarfélaganna til sambandanna. En hún sem sagt hætti rekstri og því þurftum við að leyta til hvers sveitarfélags um styrk og tók það feiki tíma en nú eru í sjónmáli langtíma samningar við þau öll svo reksturinn ætti að verða stöðugri. Hitt er svo annað mál að ríkisvaldið hlýtur að þurfa að styrkja þetta starf út um allt land ef þessi grunnþjónusta samfélagsins á að halda nauðsynlegum styrk á komandi árum því blessað fjármálahrúnið gerir frjálsum félagasamtökum erfitt um vik í fjáröflun.

Þetta er stiklað á mjög stóru um árið sem var að líða. Við höfum séð þau kraftmeiri, en þá er bara að bretta upp emmar.

Kærar þakki til meðstjórnenda minna, formanna félaga og ráða auk allra þeirra sem ég hef átt samskipti við í þessu starfi.

Arnór Benónýsson

**Málefni aksturssjóðs HSP:** Vegna hagstæðs gengis dollars varð 2ja milljón króna styrkur Alcoa 3,7 milljónir og erfitt yrði að fá mótframlag frá ríki og sveitarfélögum í aksturssjóð, sem væri þó afar mikilvægt. Stjórn aksturssjóðs hefur skilað góðri vinnu eftir að hún tók til starfa.

Anna Gerður lét af störfum á vordögum 2008. HSP greiðir Völsungi framlag til að sinna skrifstofuhaldi og hefur Sveinn Aðalsteinsson sinnt því starfi. Um hlutastarf er að ræða og sinnir hann því í samnýttri aðstöðu með Völsungi á Húsavík. Mikilvægt væri að hafa mann í fullu starfi. Formaður kom inn á það að erfitt væri að fá fólk í embætti innan sambandsins.

- 3. Reikningar félagsins.** Sveinn Aðalsteinsson kom fram fyrir hönd Rósu Bach og las upp ársreikninga og skýrði. Smávægilegar umræður urðu um reikingana. Árni Grétar spurði hvers vegna ekki væru áætlaðar nema 4 milljónir í kostnað vegna yfirstjórnar þegar kostnaður hefði verið 4,6 milljónir á síðasta ári og þó ekki verið starfsmaður í fullu starfi hjá sambandinu. Arnór svaraði því til að það væri gert ráð fyrir áframhaldandi samatarfi við Völsung sem hefur í för með sér hagkvæmari rekstur. Reikningarnir voru síðan lagðir fyrir fundinn og voru þeir samþykktir. Reikningar aksturssjóðs voru síðan lagðir fyrir fundinn og voru þeir samþykktir.
- 4. Ávarp gesta.** Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ sté í pontu og óskaði HSP til hamingju með þetta glæsilega ársþing. Hann lýsti yfir ánægju sinni með það

góða starf sem unnið væri innan sambandsins og hversu fjölbreytt það sé. Taldi það afrek að koma á fót aksturssjóðnum. Kom einnig inn á mikilvægi sjálfboðaliðsstarfsins fyrir samfélagið. Skýrði síðan í stuttu máli frá starfi UMFÍ á árinu og hvatt í HSP til að nýta sér þjónustu þess. Hann kvatti fundargesti að mæta á landsmót sumarsins. Hann sæmði að lokum Sölva Stein Alfreðsson starfsmerki UMFÍ og þakkaði honum góð störf í þágu sambandsins.

Helgi Sigurðsson í framkvæmdastjórn ÍSÍ tók því næst til máls og sagði frá ársþingi ÍSÍ. Hann sagði Ólaf E Rafnsson hafa verið endurkjörinn framkvæmdastjóra ÍSÍ á afstöðnu þingi. Hann áréttaði mikilvægi aksturssjóðs og lagði áherslu á mikilvægi barna- og unglíngastarfs. Minnti á að aðildarfélögin þyrfa að skila inn starfsskýrslu í gegnum Felix og hefðu átt að vera búin að því fyrir 15. apríl. Segir starfsfólk ÍSÍ ávallt tilbúið að aðstoða fólk við það.

5. **Kjörbréfanefnd skilaði af sér.** Soffía Björgvinsdóttir gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Fulltrúar frá 16 félögum af 26 mættu á þingið alls 32 og telst það slæleg þáttaka. Fulltrúar frá þessum félögum mættu. Geisla, Eflingu, Bjarma, Einingunni, Akstursíþróttafélagi Mývatnssveitar, Umf Astra, Umf Tjörnesinga, Íf Laugaskóla, Golfklúbbs Húsavíkur, Umf Langnesinga, Mývetning, Aftureldingu, Völsung, Feyki, Þjálfá og Golfklúbb Mývatnssveitar.
6. **Arnór formaður** þakkaði gestunum, þeim Sæmundi og Helga, fyrir hlý orð í garð HSP og segir að engin uppgjöf sé í fólki þrátt fyrir slæma efnahagsstöðu sambandsins og að loforð skyldu efnd.
7. Starfsskýrsla stjórnar borin upp og hún samþykkt samhljóða.
8. **Haraldur Bóasson** sté i pontu og ræddi lélega mætingu aðildarfélaganna á ársþing, sérstaklega í ljósi þess sem samþykkt var á síðasta ársþingi að þau félög sem ekki sendu fulltrúa á þingið fengju ekki greitt úr lottóssjóði. (15% reglan) Hann kallaði einnig á nýja ramma fyrir ráðin vegna þess hversu mismunandi áherslur væru innan ráðanna og þau misfrek á fjármagn. Að lokum nefndi hann að ekkert hefði verið unnið í því að finna afreksmannasjóðnum vettvang. Arnór svaraði Haraldi því til að í fyrra hafi vinnuhópur verið stofnaður til að finna ramma um starf ráðanna en sá vinnuhópur aldrei orðið starfhæfur. Varðandi afreksmannasjóðinn þá væri hreinlega ekki til fjármagn til að setja hann á laggirnar/halda honum starfandi, en hugmyndin væri að gera hann fjárhagslega sjálfstæðan. Sveinn Aðalsteinsson svaraði spurningu Haraldar varðandi úthlutun úr Lottóssjóðnum þannig, að úthlutun í ár ætti að byggja á þeim reglum sem settar voru árið 2008.
9. **Inntaka nýrra félaga.** Umsókn kom frá Golfklúbbum Lundi í Fnjóskadal um inngöngu í HSP. Fundurinn samþykkti að veita klúbbum inngöngu með fyrirvara um samþykki UMFÍ og GSÍ.
10. **Skipað í 2 vinnunefndir :** A. Fjárhagsnefnd sem fer yfir fjárhagsáætlunina fyrir 2009 og fer Sveinn Aðalsteinsson fyrri henni. B. Allsherjarnefnd/framtíðarnefnd og er formaður yfir henni Anna Sigrún Mikaelisdóttir. Henni er ætlað að að fjalla um nýtt merki sambandsins. Einnig breytingar á reglugerðum um aldursflokkaskipan barna og unglínga og að lokum um framtíðarsýn félagsins.

11. Fjárhagsáætlun 2009. Sveinn Aðalsteinsson lagði fram fjárhagsáætlun 2009.

Tekjur:	Áætlun 2008	Rekstur 2008	Áætlun 2009
Skattar félaga	900.000	856.800	850.000
Styrkir Sveitarfél.	3.000.000	3.142.800	3.000.000
Önnur framlög	2.500.000	-	1.100.000
Lottó	3.700.000	3.383.208	3.400.000
Dagatöl	-	1.160.000	600.000
Ýmsar tekjur	550.000	337.564	250.000
Getraunir	230.000	270.970	270.000
Vextir	50.000	62.281	60.000
Útbreiðslustyrkur	250.000	181.543	200.000
M í mót	-	1.314.598	-
Æfingargj./Skrán.	-	1.482.550	1.500.000
Sölustarf	50.000	506.298	500.000
<b>Samtals</b>	<b>11.230.000</b>	<b>12.698.612</b>	<b>11.730.000</b>
<b>Gjöld:</b>			
Stjórnunarkostn.	6.000.000	4.608.903	4.000.000
Lottó til félaga	2.960.000	2.706.566	2.700.000
Dagatöl	-	733.106	300.000
Þjálfun frjálssar	-	3.045.100	1.500.000
Bridds	-	-	10.000
Frjálssar íþróttir	-	1.025.616	1.200.000
Íþróttatæki	-	-	-
Glíma	-	98.340	50.000
Knattspyrna	-	-	20.000
Sund	-	38.410	30.000
Skák	-	35.000	-
Ýmis kostnaður	1.750.000	-	40.000
M í mót	225.000	547.111	400.000
Afreksm.sjóður	-	-	-
Landsmót	-	-	212.500
Vörukaup	-	479.287	400.000
Afskrifað	-	-	-
Vextir/þjónustugj.	150.000	326.320	300.000
Fræðslusjóður	-	-	-
<b>Samtals:</b>	<b>11.085.000</b>	<b>13.643.759</b>	<b>11.162.500</b>
<b>Hagnaður/Tap</b>	<b>145.000</b>	<b>- 945.147</b>	<b>567.500</b>

12. **Haraldur Bóasson tekur til máls**, hvetur menn til dáða og vill að við brettum upp ermar varðandi fjáöflun fyrir sambandið. Þóra Fríður tók einnig til mál og gagnrýnir stjórn fyrir slægleg vinnubrögð í merkjamálum þ.e. hönnun nýs merkis fyrir sambandið. Tekið skal fram að Örn Guðnason hefur hannað þær 3 hugmyndir að merkjum félagsins sem lagðar voru fram fundarmönnum til sýnis.
13. **Sæmundur Runólfsson** ytir á stjórn að fullklára merki sambandsins og hvetur menn til dáða að setja málið í forgang. Telur brýnt að hannað sé nýtt merki sem fyrst nú þegar búið er að sameina tvö héraðssambönd í eitt. Varðandi lottó-refsiákvæðið þá sé það ljóst að sendi félögin ekki inn fulltrúa á ársþingið þá fái þau enga úthlutun úr lottó-sjóðnum. En það hvetji þá kannski frekar til að senda fulltrúa næst.
14. **Árni Grétar** talaði um hversu erfitt væri að starfa í nefndum þegar ekki værið búið að ákveða framtíð ráðanna varðandi fjármagn. Arnór svaraði því til að stjórn vilji ekki ákveða fjárhagsáætlun fyrir en komin eru sjálfstæð ráð. Stofnaður var vinnuhópur sem átti að skipuleggja starfsemi ráðanna, sá hópur hefur aldrei orðið virkur, í raun aldrei komið saman.

**Nefndir skila af sér.** Allsherjarnefnd byrjar og gerir grein fyrir vinnu sinni

#### **Tillögur allsherjarnefndar**

Tillaga 1 Ársþing HSP, haldið í félagsheimilinu á Þórshöfn 2. maí 2009 samþykkir að hafna framkomnum tillögum um merki HSP. Samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

Tillaga 2 Ársþingið felur stjórn að auglýsa eftir tillögum að nýju merki í staðarfjölmiðlum í anda gömlu merkja HSP og UNP. Tillögum sé skilað fyrir 15. júní 2009 og kynnt á formannafundi fyrir lok júní 2009. Formannafundur hefur úrskurðarvald í vali á nýju merki fyrir HSP. Samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

Tillaga 3 Ársþing HSP haldið í félagsheimilinu á Þórshöfn 2. maí 2009 samþykkir að sérgreinaráð HSP verði áfram starfrækt undir stjórn HSP. Stjórn HSP verði falið í samvinnu við stjórnir ráða að finna starfsemi þeirra nýjan ramma. Samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

#### **Tillögur alsherjarnefndar að breittum reglugerðum um héraðsmót HSP í frjálsum.**

##### **Reglugerð fyrir héraðsmót HSP barna og unglunga í frjálsum íþróttum utanhúss**

###### **1. grein:**

Héraðsmót HSP í frjálsum íþróttum fyrir börn og unglunga utanhúss skal haldið árlega og fara fram á tveimur dögum á tímabilinu júní til ágúst.

###### **2. grein:**

Keppt skal í sex aldursflokkum drengja og stúlkna: 8 ára og yngri, 9 – 10 ára , 11 – 12 ára, 13 – 14 ára, 15 – 16 ára og 17 – 18 ára.

###### **3. grein:**

Keppt skal í eftirtöldum greinum:

**Fyrri dagur:**

8 ára og yngri: 60 m hlaup, boltakast

9 – 10 ára: 60 m hlaup, hástökk, langstökk, boltakast

11 – 12 ára: 60 m hlaup, 400 m hlaup, hástökk, langstökk

13 – 14 ára: 100 m hlaup, 300 m grindahlaup, 400 m hlaup, hástökk, kúluvarp

15 – 18 ára: 100 m hlaup, 300 m grindahlaup, 400 m hlaup, 1500 m hlaup, hástökk, kringlukast, spjót kast, þrístökk

**Seinni dagur:**

8 ára og yngri: langstökk, 600 m hlaup

9 – 10 ára: 600 m hlaup, spjót kast, 4 x 100 m hlaup

11 – 12 ára: 60 m grindahlaup, 800 m hlaup, spjót kast, kúluvarp, 4 x 100 m hlaup

13 – 14 ára: 80 m grindahlaup, 800 m hlaup, spjót kast, kúluvarp, 4 x 100 m hlaup

15 – 16 ára: 80 / 100 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, kúluvarp, sleggjukast, stangarstökk, langstökk, 4 x 100 m hlaup

17 – 18 ára: 100 / 110 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, kúluvarp, sleggjukast, stangarstökk, langstökk, 4 x 100 m hlaup

**Greinar 4, 5, 6, 7 og 8 eru óbreyttar.**

**Reglugerð fyrir héraðsmót HSP barna og unglunga í frjálsum íþróttum innanhúss**

**1. grein:**

Héraðsmót HSP í frjálsum íþróttum fyrir börn og unglunga innanhúss skal haldið árlega og fara fram á einum degi á tímabilinu janúar - apríl.

**2. grein:**

Keppt skal í sex aldursflokkum drengja og stúlkna: 8 ára og yngri, 9 – 10 ára , 11 – 12 ára, 13 – 14 ára, 15 – 16 ára og 17 – 18 ára.

**3.grein:**

Keppt skal í eftirfarandi greinum: Allir aldursflokkar: Spretthlaup, langstökk án atrennu, þrístökk án atrennu, kúluvarp, hástökk. 10 ára of yngri hlaupi 600 m hlaup og 11 ára og eldri hlaupi 800 m.hlaup.

Greinar 4,5 og 6 verði óbreyttar.

## **Tillögur fjárhagsnefndar**

Árþing HSP haldið í félagsheimilinu á Þórshöfn 2. maí 2009 samþykkir að refsíákvæði í úthlutunarreglum um lottó sem samþykktar voru á þingi 2008 komi ekki til framkvæmda fyrr en eftir þing 2010 sökum ónógrar kynningar. Samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

Árþing HSP haldið í félagsheimilinu á Þórshöfn 2. maí samþykkir framlagða fjárhagsáætlun 2009 frá stjórn HSP með þeirri breytingu að liðurinn önnur framlög hækki úr 800.000 í 1.100.000. Önnur framlög hækki úr 800.000 í 1.100.000. Auk þess verði bætt við í bridds kr. 10.000 og í knattspyrnu kr. 20.000. Rekstrarafgangur verði því kr.567.500.- Samþykkt.

15. **Kosningar.** Anna Rúna gerði grein fyrir störfun uppstillingarnefndar. Lögð var fram eftirfarandi uppstillingartillaga.

### **Formaður í kjöri til eins árs ( 2009 )**

Arnór Benónýsson Eflingu

### **Stjórnarmenn í kjöri til tveggja ára 2008:**

Jóhanna Dögg Stefánsdóttir Austra

Soffía Björgvinsdóttir Aftureldingu

Svandís Sverrisdóttir Völsungi

### **Stjórnarmenn í kjöri til tveggja ára 2009:**

Ágústa Ágústsdóttir Leif heppna

Gunnar Sigfússon Eflingu

Ingvar Helgi Kristjánsson Bjarma

### **Varamenn í kjöri ( 2008 ) til tveggja ára:**

Súsanna Kristinsdóttir Mývetningi

### **Varamaður í kjöri ( 2009 ) til tveggja ára:**

Hörður Þór Benónýson Eflingu

Linda Margret Baldursdóttir Völsungi

### **Skoðunarmenn reikninga:**

Kristján I. Jóhannesson Bjarma

Jón Óskarsson Bjarma

### **Til vara:**

Guðmundur S. Héðinsson Leifi heppna

Tillaga samþykkt.

## 16. Önnur mál.

- a. Viðar Sigurjónsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ sté í pontu og hvatti menn til dáða. Segir brýnt að passa að ástandið í þjóðfélaginu bitni sem allra minnst á íþróttastarfsemi barna- og unglinga því allir viti að gildi íþróttastarfsins sé gífurlegt í þjóðfélaginu. Hann vill að slegin sé skjaldborg um barna-og unglिंगastarfið. Veit vel að erfitt er að ná inn fjármunum en hvetur fólk til að láta hendur standa fram úr ermum. Hvetur HSP til þáttöku um fyrirmyndarfélög innan ÍSÍ. Hann lauk máli sínu með þremur vísum:

Stjórnin vinnur mikið starf  
stígur gjarnan hitinn  
um líkamsparta lofta þarf  
svo láti undan svitinn.

Það gildir nú um „ Guiding light“  
að gott það telst að búa í haginn,  
en öðrum það ég eftirlæt  
að yrkja bögur þennan daginn.

Tillögurnar skullu á skerið  
skyldu aldrei ná hér landi.  
Gott ef merkið gæti verið  
gamaldags og sjarmerandi.

- b. **Arnór Þakkaði traustið** og segir að þetta sé sitt síðasta ár sem formaður HSP. Telur annasamt ár framundan hjá sambandinu. Segðist ánægður með grasrótarumræðuna innan nefndanna. Þakkar fráfarandi stjórnarmönnum sem láta nú af störfum fyrir vel unnin störf.
- c. **Spurning frá Árna Grétari** hvort Sveinn Aðalsteinsson verði áfram framkvæmdastjóri sambandsins. Arnór svarar því að svo verði.
- d. **Búið er að sækja um að Unglingalandsmótið 2011** verði haldið á Þórshöfn. Í undirbúningi er umsókn um að fá Stóra Landsmótið 2015 til Húsavíkur.
- e. **Tilnefningar um íþróttamenn ársins:**

Glimumaður ársins: Pétur Þórir Gunnarsson Brynjarsson  
Baldursheimi  
Frjálsíþróttamaður ársins: Hafdís Sigurðardóttir  
Sundmaður ársins: Ásgerður Ólöf Ásgeirsdóttir  
Knattspyrnumaður ársins: Berglind Kristjánsdóttir  
Íþróttamaður HSP 2008: Hafdís Sigurðardóttir.

17. **Þingslit.** Arnór formaður þakkar öllum fyrir komuna og þakkar starfsmönnum þingsins fyrir vel unnin störf. Segir ársþingi HSP 2009 slitið.

Fleira ekki fært til bókar